

Umhverfisráðuneytið
Ingimar Sigurðsson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. ágúst 2006
2006080007/42-8
HeTo/rsb

Rauðsgil í Reykholtssdal - umsögn um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi til rannsókna á vatnsgæfni uppspretta

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytis, dags. 27. júlí sl., þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi og forgangi að nýtingarleyfi á kaldavatnslindum í landi jarðarinnar Steindórsstaða í Reykholtssdal, en lindirnar eru í Rauðsgili.

Rauðsgil er ná náttúruverndarskrá (Náttúruverndaráætlun 2004-2008, bls. 126) og eru það einkum fossar í ánni og náttúrufegurð sem veldur því að talið er rétt að vernda gilið og nágrenni þess. Ef 12 l/s eru teknir úr rennsli árinna í giliinu mun það væntanlega hafa einhver áhrif á fossa í ánni, en ekki er getið í umsókninni hve mikið rennsli er jafnan í ánni - en slíkar upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en unnt er að mæla með eða móti því hvort leyft verður að virkja vatn ofan við fossana. Þó er sennilegt að áhrifin verði ekki mikil.

Það er skiljanlegt að litið sé til þessara linda vegna vatnsveitu á þessu svæði en dregið er í efa að kalt vatn sé í svo litlum mæli á svæðinu að nauðsynlegt sé að fara inn á náttúruverndarsvæði svæði til að sækja vatn í smálindir. Kalt vatn er sennilega að finna innar í dalnum og einnig má benda á staði eins og Húsafell og við Hvítá þar sem gnægð er af köldu vatni, en þarf að dæla því til að það nái öllum bæjum á svæðinu. Mælt er með að rannsóknir verði gerðar á möguleikum á köldu vatni innar í Reykholtssdal og ennfremur kannað hvort ekki sé rétt að gera eina veitu fyrir Borgarfjörð sem þá gæti fengið vatn af fyrrgreindum stöðum. Kostnaður yrði sennilega eitthvað meiri, en ekki þyrfti að sækja vatn í smálindir á náttúruverndarsvæðum og væri það talsverður ávinningur.

Lagt er til að veitt verði rannsóknarleyfi á kaldavatnslindum í og við Rauðsgil en ekki forgangur að nýtingu fyrir en nægilegar upplýsingar liggja fyrir varðandi áhrif vatnstöku á fossa og almenna

náttúru í Rauðsgili og hvort aðrir kostir á vatnstöku séu raunhæfir.

Verði framkvæmdaleyfi veitt er mælt með að vatnsleiðsla verði plægð niður og ekki höfð á barni Rauðsgils og ummerki falin eins og framast er kostur, enda er svæðið mjög fallett og sérstakt samanber kvæði Jóns Helgasonar, *Á Rauðsgil*.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS